

Sparisjóður Vestfirðinga

**Árshlutareikningur
30. júní 2006**

Sparisjóður Vestfirðinga
Fjarðargötu 2
470 Þingeyri

Kt. 610269-2499

Efnisyfirlit

Áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra	3	Efnahagsreikningur	6
Áritun endurskoðenda	4	Yfirlit um sjóðstreymi	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9

Áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri sjóðsins á fyrstu sex mánuðum tímabilsins 145,2 millj. kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 1.141,4 millj. kr. í lok tímabilsins. Eiginfjárhlutfall sjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálastofnanir er 10,5%, en hlutfallið má lægst vera 8,0%.

Sjóðurinn greiddi 12,4 millj. kr. í arð á tímabilinu og voru 5,9 millj. kr. greiddar í formi stofnfjárbréfa að vali stofnfjáreigenda.

Stjórn Sparisjóðs Vestfirðinga og sparisjóðsstjóri staðfesta árshlutareikning sparisjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 með undirritun sinni.

Þingeyri, 17. ágúst 2006.

Stjórn:

Guðmundur Steinar Björgmundsson

Óskar Elfásson

Björgvin Sigurjónsson

Bjarni Einarsson

Sparisjóðsstjóri:

Angantýr V. Jónasson

Áritun endurskoðenda

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning Sparisjóðs Vestfirðinga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006. Reikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 27. Árs hlutareikningurinn er byggður á gögnum sjóðsins og upplýsingum frá stjórnendum hans.

Könnun okkar fól í sér spurningar til starfsmanna sjóðsins og greiningu á hinum ýmsu liðum árs hlutareikningsins. Slík könnun felur ekki að öllu leyti í sér sömu aðgerðir og endurskoðun, sem unnin er eftir viðurkenndum endurskoðunarvenjum og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Slíkt álit er því ekki látið í ljós.

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu og efnahag í lok þess, í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 17. ágúst 2006.

Helgi F. Arnarson

KPMG Endurskoðun hf.

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2006

	Skýr.	2006 1.1.-30.6.	2005 1.1.-30.6.
Vaxtatekjur:			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		15.832	9.442
Vaxtatekjur af útlánum		457.686	361.416
Vaxtatekjur af markaðsbréfum		11.980	10.619
Aðrar vaxtatekjur		2.332	1.912
	3	487.830	383.389
Vaxtagjöld:			
Vaxtagjöld til lánastofnana		0	17.208
Vaxtagjöld af innlánum		179.350	123.976
Vaxtagjöld af lántöku		131.006	74.505
Vaxtagjöld af víkjandi lánum		35.666	7.230
Önnur vaxtagjöld		523	1.353
	3	346.545	224.272
Hreinar vaxtatekjur		141.285	159.117
Aðrar rekstrartekjur:			
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	4	2.701	36.876
Þjónustutekjur	5	44.312	49.829
Þjónustugjöld		(8.230)	(5.739)
Gengishagnaður af annarri fjármálastarfsemi	17	252.250	118.040
Ýmsar rekstrartekjur		15.962	13.305
		306.995	212.311
Hreinar rekstrartekjur		448.280	371.428
Önnur rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld		97.979	92.105
Annar almennur rekstrarkostnaður		96.458	79.275
Afskriftir	11	5.039	9.390
		199.476	180.770
Framlag í afskriftareikning útlána	7,19	(81.364)	(89.245)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		167.440	101.413
Tekjuskattur	12	(22.230)	(16.339)
Hagnaður tímabilsins	25	145.210	85.074

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	30.6.2006	31.12.2005
Sjóður og kröfur á lánastofnanir:			
Sjóður		54.219	37.554
Kröfur á aðrar lánastofnanir		211.449	675.820
		<u>265.668</u>	<u>713.374</u>
Útlán:			
Útlán til viðskiptamanna		6.449.586	5.778.971
Fullnustueignir		163.472	170.019
	18-19	<u>6.613.058</u>	<u>5.948.990</u>
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum:			
Markaðsskuldabréf með föstum tekjum	9,20,21	175.563	161.287
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	9,22	1.431.248	1.168.447
Hlutir í hlutdeildarfélögum	10	20.493	19.936
		<u>1.627.304</u>	<u>1.349.670</u>
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir	11	206.156	234.984
Ýmsar eignir		2.217	4.370
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar tekjur		9.198	7.317
		<u>217.571</u>	<u>246.671</u>
		<u>8.723.601</u>	<u>8.258.705</u>
Eignir samtals			

30. júní 2006

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	30.6.2006	31.12.2005
Skuldir við lánastofnanir		<u>5.980</u>	<u>3.760</u>
Innlán:			
Óbundin innlán		2.675.622	3.382.567
Bundin innlán		<u>2.198.009</u>	<u>1.061.034</u>
		<u>4.873.631</u>	<u>4.443.601</u>
Lántaka		<u>2.130.778</u>	<u>2.255.161</u>
Aðrar skuldir:			
Ýmsar skuldir		18.141	38.599
Áfallin gjöld		<u>38.422</u>	<u>45.212</u>
		<u>56.563</u>	<u>83.811</u>
Lífeyrisskuldbinding	13	<u>29.641</u>	<u>29.674</u>
Tekjuskattsskuldbinding		<u>40.733</u>	<u>18.502</u>
Víkjandi lán	14,23	<u>444.837</u>	<u>424.139</u>
Eigið fé:			
Stofnfé		253.778	235.603
Varasjóður		<u>887.660</u>	<u>764.454</u>
	24-26	<u>1.141.438</u>	<u>1.000.057</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>8.723.601</u></u>	<u><u>8.258.705</u></u>
Utan efnahagsreiknings:			
Skuldbindingar vegna viðskiptamanna	27		

Yfirlit um sjóðstreymi 1. janúar til 30. júní 2006

	Skýr.	2006 1.1.-30.6.	2005 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður tímabilsins	25	145.210	85.074
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur, gengismunur og verðlagsbreytingar	(37.626)	(6.175)
Framlag í afskriftareikning útlána	19	81.364	89.245
Tekjuskattur		22.231	16.339
Hagnaður af hlutdeildarfélögum	(557)	(738)
Aðrir liðir		69.919	(420)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(9.267)	18.923
		<u>271.274</u>	<u>202.248</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Kröfur á lánastofnanir, breyting	(1.943)	(7.043)
Útlán, breyting	(582.764)	(161.544)
Veltuskuldabréf, breyting	(14.276)	3.084
Veltuhlutabréf, breyting	(282.801)	(133.998)
Eignarhlutir í félögum, breyting	(18.567)	9.787
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(1.961)	0
Ýmsar eignir		2.153	(17.040)
		<u>900.159</u>	<u>306.754</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Hækkun stofnfjár		2.644	50.743
Skuldir við lánastofnanir		2.220	(2.431)
Lántaka, breyting	(160.056)	212.115
Innlán, breyting		367.362	142.944
Ýmsar skuldir	(20.458)	(22.965)
Víkjandi lán	(6.000)	(6.000)
Greiddur arður af stofnfé	25	(6.476)	(3.363)
		<u>179.236</u>	<u>371.043</u>
Hækkun á handbæru fé	(449.649)	266.537
Handbært fé í ársbyrjun		<u>717.728</u>	<u>405.931</u>
Handbært fé í lok tímabils	15	<u>268.079</u>	<u>672.468</u>
Aðrar upplýsingar:			
Arður greiddur með stofnfé		5.924	5.505
Sala húsnæðis í skiptum fyrir eignarhlut í félagi		20.000	0

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í júnílok 2006. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum, lántöku og víkjandi lánnum. Hafi útlán verið meira en sex mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim.

Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum

4. Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

Þjónustutekjur

5. Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning sparisjóðsins þegar verða til.

Útlán

6. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í júnílok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í júlíbyrjun 2006 og gengistryggð lán miðað við gengi gjaldmiðla í júnílok.

7. Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn leggur í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Afskriftareikningurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

8. Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Í einstökum tilvikum hefur slík innlausn verið gerð af sérstökum rekstrarfélögum í eigu sparisjóðsins og eru útlán til þeirra færð með fullnustueignum. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði í árshlutareikning sparisjóðsins.

Skýringar, frh.:

Markaðsverðbréf og eignarhlutar

9. Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Fjárfestingahlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í júnílok. Óskráð veltuskuldabréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup, en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

10. Sparisjóðurinn stendur að rekstri tveggja félaga um sameiginlega tölvuþjónustu fyrir lánastofnanir. Eignarhlutir í þessum félögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar í eigin fé þeirra.

Rekstrarfjármunir

11. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húseignir	50 ár
Húsbúnaður, skrifstofuáhöld og tæki	5 ár

Tekjuskattskuldbinding

12. Skatteign er reiknuð og færð í árshlutareikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í árshlutareikningi.

Lífeyrisskuldbinding

13. Sparisjóðurinn ber ábyrgð á lífeyrisgreiðslum hluta starfsmanna sem eru sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Vegna þessa hefur lífeyrisskuldbinding verið færð til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við útreikninga tryggingastærðfræðings sem miða við 3,0% ársvexti.

Víkjandi lán

14. Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 27. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í júnílok og endurgreiðast á næstu níu árum.

Handbært fé

15. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á aðrar lánastofnanir.

Skýringar, frh.:

Afleiðusamningar

16. Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikningi sjóðsins, vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, en nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikning á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða markaðs- og útlánaáhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra getur meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Sjóðurinn hefur gert framvirkan gjaldmiðlasamning til að verja sjóðinn gegn gengisáhættu vegna lánveitinga. Samningurinn er færður í ársreikning sjóðsins á áætluðu markaðsvirði í júnílok.

Aðrar rekstrartekjur

17. Gengishagnaður (tap) af annarri fjármálastarfsemi sundurliðast þannig:	30.06.2006	30.06.2005
Veltuhlutabréf	249.000	122.785
Veltuskuldabréf	(10.568)	428
Gjaldeyrisviðskipti	13.818	(5.173)
Samtals	<u>252.250</u>	<u>118.040</u>

Útlán

18. Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í lok tímabilsins greinist þannig:		
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	150.123	271.150
Sérstakur afskriftareikningur útlána	(131.561)	(132.977)
Afskriftalán að frádregnum sérstökum afskriftareikningi	18.562	138.173
Önnur vaxtafryst útlán	471.119	654.004
Óvaxtaberandi útlán samtals	<u>489.681</u>	<u>792.177</u>

19. Breyting á afskriftareikningi útlána á tímabilinu greinist þannig:				
	Afskriftareikningur		30.6.2006	30.6.2005
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	149.035	92.085	241.120	271.150
Framlag í afskriftareikning á tímabilinu	69.524	11.840	81.364	89.245
Endanlega töpuð útlán	(86.998)	0	(86.998)	(133.925)
Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins	<u>131.561</u>	<u>103.925</u>	<u>235.486</u>	<u>226.470</u>
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánnum og veittum ábyrgðum	2,0%	1,6%	3,6%	3,6%

Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

20. Skuldabréf með föstum tekjum greinast þannig:		
	Markaðsverð	Bókfært verð
Skráð í Kauphöll Íslands	174.415	174.415
Óskráð skuldabréf		1.148
Skuldabréf samtals		<u>175.563</u>

Skýringar, frh.:

21.	Markaðsskuldabréf með föstum tekjum greinast þannig eftir útgefendum:	30.6.2006	31.12.2005
	Skuldabréf útgefin af opinberum aðilum	174.415	160.217
	Skuldabréf útgefin af öðrum	1.148	1.070
	Samtals	<u>175.563</u>	<u>161.287</u>
22.	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	Markaðsverð	Bókfært verð
	Veltuhlutabréf og hlutdeildarskírteini:		
	Skráð í Kauphöll Íslands	104	104
	Önnur skráð bréf	205.952	205.952
	Óskráð bréf		985.248
	Samtals		<u>1.191.304</u>
	Fjárfestingarhlutabréf:		
	Óskráð hlutabréf		<u>239.944</u>
	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum samtals		<u>1.431.248</u>

Víkjandi lán

23.	Víkjandi lán greinast þannig eftir lánstíma:	Vextir	Gjalddagi	Staða
	Verðtryggt lán	9,5%	2006 – 2010	14.146
	Verðtryggt lán	7,15%	2010	135.654
	Verðtryggt lán.....	5,5%	2014	109.188
	Verðtryggt lán.....	6,5%	2015	185.849
	Samtals			<u>444.837</u>

Eigið fé

24. Stofnfé sjóðsins nemur 256,8 millj. kr., þar af nema eigin bréf 3,0 millj. kr. Stofnfé samkvæmt efnahagsreikningi nemur því 253,8 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverri 1 krónu í stofnfé, en hver stofnfjáraðili má þó ekki fara með meira en 5% af heildaratkvæðum í sjóðnum samkvæmt samþykktum hans.

25.	Yfirlit um eigið fé:	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
	Eigið fé 1.1.2006	235.603	764.454	1.000.057
	Endurmat stofnfjár	9.614 (9.614)	0
	Greiddur arður	5.924 (12.400) (6.476)
	Aukning stofnfjár	2.637	10	2.647
	Hagnaður tímabilsins		145.210	145.210
	Eigið fé 30.6.2006	<u>253.778</u>	<u>887.660</u>	<u>1.141.438</u>

Skýringar, frh.:

26. Eigið fé í júnflok nemur 1.141,4 millj. kr. eða 13,1% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálastofnanir er 10,5%. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Bókfærð staða	Vegin staða	
		30.6.2006	31.12.2005
Áhættugrunnur:			
Bókfærðar eignir	8.723.601	7.494.235	6.681.866
Eignir til frádráttar eigin fé		(788.210)	(616.579)
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings	176.714	176.714	149.069
Áhættugrunnur samtals		<u>6.882.739</u>	<u>6.214.356</u>
Eigið fé:			
Eiginfjárbáttur A			
Bókfært eigið fé		1.141.438	1.000.058
Eiginfjárbáttur B			
Víkjandi lán		368.246	361.501
Eignarhlutir í fjármálastofnunum		(788.210)	(616.579)
Eigið fé samtals		<u>721.474</u>	<u>744.980</u>
Eiginfjárhlutfall		10,5%	12,0%

Skuldbindingar

27. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	30.6.2006	31.12.2005
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	176.714	163.188
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	339.286	390.254
Framvirkir samningar:		
Eignir í íslenskum krónum	78.357	65.650
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	84.851	65.091

Með framangreindum samning er að því stefnt að draga úr gengisáhættu sparisjóðsins. Áhætta sparisjóðsins vegna samningsins felst í gengismun. Áhættan í júnflok jafngildir útlánum að fjárhæð 0,8 millj. kr. við mat á eiginfjárhlutfalli sjóðsins samkvæmt gildandi reglum.